

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2007 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík	kr. 51,91 pr.m ³
b) Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd	kr. 76,81 pr.m ³
c) Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar	kr. 20,75 pr.m ³
d) Mælagjald	kr. 18,65 pr. dag
e) Lokunargjald	kr. 3.578,00

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m³ á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m³ á hvern mæli á Dalvík. Vegna herra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m³.

3. gr.

Heimádagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 m ³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m	kr. 181.349
og á m ³ þar yfir	kr. 228
og á m fram yfir 50 m	kr. 3.969

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimádaggjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimádagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

- Mjólkurhús/fjós greiðir lámarksgjald kr. 181.349
- Fyrir hesthús að 700 m³ skal greiða lámarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks heimádagjaldi hitaveitunnar.

4. gr.

Heimádagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 2006, 352,3 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimádagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að

tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 3.578.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 1149, 16. desember 2005.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. desember 2006.

Jón Sigurðsson.

Kristján Skarphéðinsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2006